

## *Kverið Bréf áeggjanir og hugleiðingar um lífsbrandarann kemur á markaðinn*

Undir lok mars í byrjun apríl mun hver nokkuð líta dagsins ljós. Vafamál verður að teljast hvort það sé fallett eða mannbætandi. Höfundinum, Ólafi Guðsteini Kristjánssyni, þykir samt vænt um afkvæmi sitt, þótt það eigi til að vera helst til óstýrilátt og ódælt eins og afkvæma er oft siður. Hvað sem því líður býðst ykkur nú hið einstæða tækifæri að festa kaup á eintaki. Og til að sannfæra ykkur um að slíkt sé skynsamlegt er ráð að lesa eftirfarandi ummæli frá málsmetandi aðilum um téð hver:

„Ólafur Guðsteinn Kristjánsson hefir um langa hríð ritað pistla af alls kyns tagi, fyrir hina ýmsu miðla, þar sem hann veltir fyrir sér sköpulagi heimsins og tilgangi þessa alls. Þessar hugsanir sínar hefur hann sett fram á kerknislegan og stundum kaldhæðnislega vegu en ætíð er ljóst að hann brennur fyrir því að koma einhvers konar lagi á ruglið sem hverfist um hann. Það lag getur verið gróteskt, skrumskælt og hneykslandi en undir niðri klingir sannur tónn – tónn þess sem vill skilja, pæla og jafnvel koma upp með kollgátuna fyrir okkur hin. Textar Ólafs draga mann að, spriklandi og emjandi, í þeim er galdur, svartagallsraus og hendingar sem hitta þráðbeint í hjartastað. Ergó: Ég er búinn að vara þig við.“

Í Odda, Reykjavík, með útsýni upp á Esjuna, í febrúar 2016, Arnar Eggert Thoroddsen

„Hugarórar karlmannsins á þessum síðustu og verstu ná áður óþekktum hæðum í verki Ólafs Guðsteins. Hér ægir ýmsu saman sem snertir á ófáum viðkvæmum strengjum hinnar svokölluðu samfélagsumræðu og má með sanni segja að höfundur reynist lesanda sínum ólíkindatól í viðleitni sinni til að kryfja lífsbrandarann.“ Jón Bjarni Atlason

„Hver er ekki búinn að fá nóg af textum þar sem menn eru sífellt að „smella í góm“ og „ranghvolfa í sér augunum“? Þar sem lík finnst í vegarkanti, konur eru niðurlægðar og gjörvöllu karlkyni kennt um í nafni femínasisma? Þar sem ekkert er sagt þó maður drukkni í ofgnótt orða? Þar sem lesa má af öllu því sem manni á að finnast æðislegt, sexí, sjarmerandi? Hvar er súrmetið? Framreitt á sætan og sjúskaðan hátt, biturt á bragðið en rennur svona ljómandi vel? Ólafur Guðsteinn skrifar skorinorðan, skemmtilegan og á tíðum skammarlegan hátt. Vér viðkvæmar sálir hins pólitíska rétttrúnaðar munum hiksta af hneykslan og svitna í sælu á sama tíma og við hristum hausinn yfir þessari endemis þvælu, þessum hneykslanlega þvættingi sem við bara getum ekki lagt frá okkur á meðan við glottum í kampinn. Ekki alvitlaust. Sveiattan! Eiríkur Ólafsson

„Mér fannst þetta bland af mismunandi textum með mismunandi stælum og stellingum sérstaklega vel heppnað. Ég mæli eindregið með kverinu enda er það frábært.“ Kristof Magnússon rithöfundur og þýðandi.

**Til að verða sér út um eintak er ráð að millifæra 1900 krónur á eftirfarandi reikning: 0301-26-061275 hjá Arionbanka (kennitalan er 0612755769 og eigandi reiknings Ólafur Guðsteinn Kristjánsson). Í upphæðinni er fólgið kverið sem og sendingarkostnaður. Að þessu loknu er ráðlegt að senda línu á [olafurgudsteinn@gmail.com](mailto:olafurgudsteinn@gmail.com) þar sem tekið er fram að viðkomandi hafi millifært fyrir eitt eða fleiri eintök. Þar að auki er nauðsynlegt að taka fram hvert kverið skal vera sent.**

*Bakgrunnsmynd gerði Anna Líf Ólafsdóttir*